

Pétur I Haraldsson,
Skipulagsstjóri Uppsveita bs.
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. nóvember 2013
Tilvísun: UST20131000061/ksj

Tillaga að deiliskipulagi fyrir skálasvæði við Hagavatn í Bláskógabyggð.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita b.s. er barst 7. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir skálasvæði við Hagavatn í Bláskógabyggð.

Deiliskipulag

Deiliskipulagið nær til 0,65 ha svæðis við núverandi skála, vetrarkamar, hestagirðingu, bílastæði og fyrirhugaðrar skálabyggingar. Einnig nær það til svæðis kringum fyrirhugað vatnsból og nærsvæði þess.

Byggingar

Á lista yfir núverandi og væntanlegar byggingar kemur fram hver hámarksstærð hvers húss kemur til með að verða og þakhalli. Einnig kemur fram hvaða hámarkshæð fyrir vetrarkamarbyggingu er. Að mati Umhverfisstofnunar er einnig mikilvægt að hámarkshæð fyrir skálabyggingu komi fram í deiliskipulagi.

Aðgengi

Í umsögn um lýsingu vegna ofangreindrar deiliskipulagstillögu taldi Umhverfisstofnun mikilvægt að athugað yrði hvort nýr skáli hefði í för með sér aukna bílaumferð að og frá svæðinu og hvaða áhrif slík aukning gæti haft á umhverfi skálans. Í umhverfismati deiliskipulagstillögunnar er gert ráð fyrir að aðalaukning umferðar verði gönguhópar þannig að ekki verði mikil aukning á bílaumferð í kjölfar uppbyggingar svæðisins. Einnig kemur fram að brugðist verði við ágangi á gróður ef af verður.

Framkvæmdir

Fram kemur í mati á umhverfisáhrifum áætlunarinnar að undirstöður verði þannig að rask verði sem minnst á framkvæmdatíma og að hægt verði að fjarlægja áætlaðar nýframkvæmdir án teljandi ummerkja.

Fráveita

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við áætlanir um fráveitu.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

